

Fréttabréf FVA

| 2. ÁRG. | 3 TBL. | OKTÓBER 2018 | ÁBM. BJÖRG BJARNADÓTTIR |

Skammhlaup

Hið árlega Skammhlaup verður haldið þann 1. nóvember næstkomandi. Þann dag er hefðbundin kennsla lögð niður og nemendum skipt í lið sem keppa sín á milli í hinum ýmsu greinum. Hópurinn fer í skrúðgöngu frá skólanum að íþróttahúsinu að Vesturgötu þar sem keppt er til dæmis í reiptogi, limbói, ullarsockkaboðhlaupi, stígvélasparki og fleiri þekktum og óþekktum greinum. Keppni er svo fram haldið í húsnæði skólans og nemendur spreya sig á borðskreytingum, jeppatogi, plankakeppni og auðvitað ýmsum bóklegum fögum. Þessi dagur hefur reynst vera góð tilbreyting í skólalastarfinu og þegar er farið að örla á skammhlaupsspenningu í mannskapnum.



Fyrr í mánuðinum stillti kennaralið FVA sér upp í myndatöku í upphafi kennarafundar. Tilefnið var afhending armbanda til stuðnings herferðinni #egabaraeittlif sem Minningarsjóður Einars Darra stendur fyrir en Einar Darri var nemandi við FVA.

Miðannarmat

Þann 17. október verður miðannarmat sýnilegt nemendum í Innu. Miðannarmat er óformlegra mat en lokaprófin og byggir á öðrum þáttum. Engu að síður gefur miðannarmatið nemandanum og foreldrum vísbendingu um stöðu nemandans í náminu. Matið er gefið í bókstöfum A=Afar góð ástundun, G=Góð ástundun, S=Sæmileg ástundun og O=Óviðunandi ástundun. Miðannarmat er einungis stöðumat en hefur ekki áhrif á lokaeinkunn í áfanganum.

Jöfnunarstyrkur

Nemendur sem sækja nám fjarri lögheimili og fjölskyldu geta átt rétt á jöfnunarstyrk og eru nemendur og foreldrar hvött til að kynna sér reglur um námsstyrki og leiðbeiningar um skráningu á www.LIN.is. Hægt er að skrá umsókn á INNU eða í netbanka. Umsóknarfrestur vegna skólaársins 2018 - 2019 er til 15. október næstkomandi.

Val fyrir vorönn 2019

Opnað verður fyrir val áfanga mánudaginn 15. október og stendur valið til 31. október. Kynning á áföngum í boði verður á sal skólans á mánudeginum 15. október. Nemendur eru hvattir til að huga að námsferilsáætlunum sínum og vera í sambandi við Guðrúnu náms- og starfsráðgjafa þurfi þeir aðstoð við það.

Jafningjafræðsla í stærðfræði

Tveir nemendur við skólann, þau Davíð Örn Harðarson og Brynhildur Traustadóttir hafa tekið að sér að sinna jafningjafræðslu í stærðfræði. Fræðslan er öllum opin og fer fram á föstudögum 8:30-9:25 í stofu B203.

Námsmatsdagar

Skólaárinu er skipt í tvær annir og lýkur þeim með námsmati eða prófum. Síðustu tvær vikur annarinnar kallast námsmatsdagar og á þessari önn er um að ræða dagana 3. - 14. desember. Þessa daga mun stundatafla nemenda breytast og í stað þess að mæta þrisvar sinnum í hvern áfanga mæta nemendur einu sinni á viku í hvern áfanga í þrjá tíma í senn. Próftafla og stundatafla námsmatsdaga er nú sýnileg í Innu.

Kennarar stjórna því hvernig þessum dögum er háttað. Ljúki áfanga með loka-prófi þreyta nemendur próf á námsmatsdögum. Í símataföngum er viðfangsefni námsmatsdaga annað og fá nemendur upplýsingar frá kennurum um það. Að loknum námsmatsdögum er einn dagur í sjúkrapróf og einn dagur í prófsýningu.

Mötuneyti



Í mötuneyti skólans er boðið upp á hollan og fjölbreyttan mat á góðu verði alla kennsludaga. Matseðillinn er breytilegur og aðgengilegur á heimasíðu skólans. Girnilegur salatbar í boði alla daga og ís á miðvikudögum. Í mötuneytinu er einnig hægt að kaupa millimál svo sem langlokur, boost, hafraklatta og fleira. Nemendur geta skráð sig í áskrift og fengið mat 3-5 daga í viku. Hægt er að kaupa 10 miða kort eða staka máltíð.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS Á AKRANESI



Tungumála-pýramídi FVA

Evrópski tungumáladagurinn var haldinn þann 26. september. Hér í FVA er hefð fyrir því að skreyta skólann á einn eða annan hátt á þessum degi. Í ár komu kennarar í máladeild fyrir tungumalapýramída á efri hæð skólans. Hönnun og smíði pýramídans var í höndum snillinganna í trúðnaðardeild skólans. Sjón er sögu ríkari.

Dyslexíuráðgjöf

Hjá FVA starfar dyslexíuráðgjafi sem hefur það hlutverk að veita nemendum með lestrarörðugleika eða sér-tæka námserfiðleika persónulegan og faglegan stuðning.

Dyslexíuráðgjafi FVA er Guðrún Sig-ríður Guðmundsdóttir. Guðrún er með netfangið gudruns@fva.is og símanúmer 433-2519. Skrifstofa dyslexíuráðgjafa er á 1. hæð í B-álm.

Hlutverk dyslexíuráðgjafa felst meðal annars í:

- einstaklingsráðgjöf
- að efla sjálfsmynd nemenda
- að upplýsa nemendur um stuðning sem er í boði
- fræðslu og þjálfun í námstækni
- að aðstoða nemendur við að komast í greiningu vegna lestrarvanda
- fræðslu og þjálfun í stuðningstækni
- fræðslu og ráðgjöf til kennara
- samstarfi við foreldra/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára
- að vinna að hagsmunamálum nemenda með dyslexíu.

Þjónusta dyslexíuráðgjafa stendur öllum nemendum skólans sem eru með sér-tæka námsörðugleika til boða.

Umgengni

Það sem af er þessari önn hefur því miður borið á ósnrytilegri umgengni í húsnæði skólans, ekki síst í matsal og kennslustofum. Nemendur hafa verið beðnir að gæta þess að láta umbúðir, matarleifar og borðbúnað ekki liggja eftir sig á borðum og ekki heldur rusl á gólfi. Rusl er flokkað í skólanum og eru flokkunartunnur stað-settar víðsvegar um húsnæði skólans.

GILDI SKÓLANS ERU:
-JAFNRÉTTI -
-VIRÐING -
-FJÖLBREYTILEIKI-

Skólahjúkrun


Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta leitað upplýsinga, aðstoðar og stuðnings hjá skólahjúkrunarfræðingi. Skólahjúkrunarfræðingur er til staðar á skrifstofu á fyrstu hæð (hjá námsráðgjafa). Hægt er að bóka tíma í Innu eða bara mæta á staðinn. Skólahjúkrunarfræðingur er við tvo daga í viku:

Þriðjudaga: 13:00 - 16:00

Fimmtudaga 13:00 - 16:00

Skólahjúkrunarfræðingur er Íris Björg Jónsdóttir - netfang: iris@fva.is

Bendill



Vakin er athygli á því að hjá náms- og starfsráðgjafa skólans geta nemendur tekið áhugasviðskönnun Bendils. Þanta þarf könnunina með tölvupósti á gudruns@fva.is og greiða fyrir hana 3.700 kr. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu náms- og starfsráðgjafar.